

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- A 1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst.
 A 2. Um kWst.-mæli á kr. 8.00 hver kWst., auk fastagjalds af gólfleti, er nemi kr. 80.00 á ferm. á ári í rúmi því, er lýsa á.
 A 3—6. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
 a. Orkugjald kr. 7.50 hver kWst.
 b. Grunnjald (mælisteiga innifalin):
 Af einfasamælingu kr. 800.00 á ári.
 Af þrífásamælingu kr. 1 600.00 á ári.
 c. Herbergisgjald kr. 800.00 á ári.
 Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.
 Herbergi, sem eru minni en 5 ferm., skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.
 Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun o. fl.

- C 1. Um kWst.-mæli á kr. 13.00 hver kWst.
 Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.
 C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:
 a. Aflgjald af mældu afli kr. 8 330.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalág ársins.
 b. Orkugjald:
 0—2500 kWst./kW kr. 2.64 hver kWst.
 2500—4000 kWst./kW kr. 1.52 hver kWst.
 Yfir 4000 kWst./kW kr. 0.76 hver kWst.
 C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:
 a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 7 500.00 á hvert kW í málraun véla.
 b. Orkugjald:
 0—2500 kWst./kW kr. 2.64 hver kWst.
 2500—4000 kWst./kW kr. 1.52 hver kWst.
 Yfir 4000 kWst./kW kr. 0.76 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 35% á taxta C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasvixsstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta-stig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist, að fasvixsstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 2.40 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 3.17 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar eru, að:

Vélaafl, spennar og götulinur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað samkv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafll og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 7.50 hverja kWst., enda sé notkunin mæld með sérnáli og tæki fasttengd.

F 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 14.00 hverja kWst.

F 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 50 000.00 á hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

F 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 20 000.00 á hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr. 250.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	— 500.00 — —
3. Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennamælum)	— 1 600.00 — —
4. Af mestaafllsmælum 60 A og minni	— 1 600.00 — —
5. Af mestaafllsmælum yfir 100 A (straumspennamælum)	— 2 700.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun	Stofngjald Kr.	Lengdargjald ¹⁾ Kr./m
63 A einfasa	52 000	1 200
63 A þrífasa	57 000	1 500
100 A þrífasa	68 000	1 800
200 A þrífasa	110 000	2 500
315 A þrífasa	220 000	3 500
300 kVA þrífasa	320 000	skv. kostnaði
500 kVA þrífasa	530 000	skv. kostnaði
800 kVA þrífasa	850 000	skv. kostnaði

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
		Jarðstrengur Kr./m	Loftlína Kr./staur
63 A einfasa	9 500	1 200	18 000
63 A þrífasa	13 000	1 500	20 000
100 A þrífasa	14 000	1 800	24 000

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 780.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

17% söluskattur, 1% viðlagasjóðsgjald og 1% gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu, ásamt 13% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins, er innifalið í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 77 4. apríl 1972, með síðari breytingum.

Íðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. nóvember 1974. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hildar Ólafsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist í Reykjavík 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.